

1 prófessor og yfirlæknir
yfirlæknir
son yfirlæknir
1 yfirlæknir

Barnaspítala Hringssins, Reykjavík

Reykjavík 2. september 2017

Heilir og sælir ágætu yfirlæknir

Með vísan í bréf ykkar dagsett þann 15. nóvember 2011 langar mig að koma á framfæri eftirfarandi því málið enn á lífi og ég ósátt við viðbrögð spítalans við svona alvarlegu atviki. Þið segist í bréfinu hafa vonandi lært mikið á þessum tíma (frá 2001) en það kemur þessu máli ekki við í raun og veru. Ég sé ekki samband milli andláts sonar míns og lærdóms ykkar á fræðilegum grundvelli. Það er alveg sama hvað stjórnssýslan segir um að þið hafið framkvæmt formlega það sem þarf þá er innihald bréfsins mér ráðgáta sem ég skýri hér í þremur liðum:

1. Í bréfi ykkar segir: *Á fundum okkar höfum við yfirfarið mál sonar þíns Jóels Gauts Einarssonar og rætt þau. Sumir okkar höfðu reyndar tekið þátt í slíkri umræðu áður.* Ég get ekki vitað né skynjað hvað var rætt um né að hvaða niðurstöðu þið hafið komist í þessari umræðu. Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir að ég viti allt um það, hvorki get ég gert mér grein fyrir ásæðum mistakanna né hver hugur ykkar er til þess sem gerðist. Það er mér einfaldlega hulið enda er ekki hægt að koma slíku fyrir á pappír. Það þarf samtál við mig til að gagnkvæmur skilningur skapist. Ég hvorki geri ráð fyrir góðmennsku né illmennsku í þessu samhengi. Ég veit einfaldlega ekkert hvað um huga ykkar fer né hvað fer milli ykkar í þessari svokallaðri umræðu enda ekkert getið um innihald hennar í bréfinu. Það væri eðlilegt að ég fengi einhvern smjörþef af því ef traust á að geta myndast á ný. Samvinna og virðing er hluti af undirstöðum spítalans samkvæmt opinberri stefnu en ef grundvöllurinn er veikur eins og í þessu máli, þá hlýtur það sem byggt er ofaná standa á veikum grunni og falla um sjálft sig sama hvað menn hafa lært af fræðibókum. Það væri nær að lýta á þetta mál sem tækifæri og að við fjölskyldan séum samstarfsmenn ykkar um öryggi sjúklinga frekar en að við séum andstæðingar ykkar. Vísindin og umbótastarfið hlýtur að hafa rúm fyrir slíka samvinnu og lærdóm til að gera spítalann enn eftirsóknarverðari fyrir starfsmenn og sjúklinga.
2. Í bréfinu stendur einnig: *Við undirritaðir getum fallist á þessar niðurstöður þínar.* Og síðan kemur afsökun í beinu framhaldi á einhverju sem gerðist við greiningu og meðferð drengsins. Þetta hljómar svolítið eins og það hafi verið ljótt af mér að hafa komist að þessari niðurstöðu og jafnvel að það sé ég sem á að biðja ykkur afsökunar. Hér hefðu þið átt að skrifa á undanbragða; við undirritaðir tökum undir niðurstöður þínar og landlæknis. Ábyrgðin er ekki mín á þessum niðurstöðum heldur ykkar. Þetta eina orð “getum” dregur alla alvöru úr bréfinu og ég get ekki með nokkru móti séð viðurkenninguna sem við þörfnumst. Viðurkenningu á því sem gerðist og einlæga afsökun finn ég ekki í bréfinu. Ef ég hefði verið með á einhverjum þessara funda sem um var rætt þá hefði ég kannski einhverja mynd af alvörunni. Auk þess ættuð þið að vera búnir að greina nánar hvað fór úrskeiðis þennan dag svo hægt sé að upplýsa okkur um hvaða breytingar koma í veg fyrir að þetta

endurtaki sig. Það er mjög mikilvægt eins og þið vitið nú þegar á öllu sem þið vonandi hafið lært á þeim tíma sem liðin er frá þessum atburðum. Umhyggjan sem er ein af gildum spítalans verður að koma fram gagnvart okkur eins og öðrum skjólstæðingum spítalans og ég bíð ennþá eftir að sjá hana í framkvæmd.

3. Í framhaldi af bréfinu átti ég símtal við yfirl þar sem ég tjáði honum ofangreint. Bréfið var mér mikil vonbrigði ekki síst vegna þess að ég átti von á að fá samtal augliti til auglitis þar sem ég gæti tjáð mig og skilið hvað hefði í raun gerst. Mér finnst það lítilsvirðandi að þið getið ekki talað við mig en sendið mér bréf í staðin í svo alvarlegu máli. Ég get skilið stjórn-sýslulegan tilgang þess en raunverulegt innihaldið skil ég ekki. Því miður. Við þetta áfall að fá bréfið sá ég mig knúna til að taka sjálfa mig út úr þessum skaðlegu samskiptum enda var ég sjálf að stíga upp úr alvarlegum veikindum þegar þetta var og treysti mér ekki til neinnar tilfinningalegra átaka þar sem ég stæði ekki jafnfætis ykkur. Þess vegna óskaði eftir að Kári Hólmur tæki boltann í minn stað. Því var hafnað af ykkar hálfu á þeim forsemdum að hann hefði ekki gagn af þeim stuðningi sem þið hugðust veita mér. Þetta kemur fram í bréfi ykkar til hans. Þar með var öllu frekara samtali hafnað og málinu ennþá ólokið af ykkar hálfu enda er spítalinn ekki fær um að veita mér / okkur andlegan stuðning miðað við það sem á undan er gengið. Það kemur ekki til greina.

Ég hef lengi velt fyrir mér þessu afsökunarbréfi ykkar, öðru sambærilegu bréfi frá framkvstj. lækninga og fundinum sem haldin var eftir niðurstöðu Embættis landlæknis 22.11. 2011 á skrifstofu hans. Á þeim fundi fór mikill tími í að útskýra og afsaka fjarveru yfirlækna barnaeildarinnar og beðist afsökunar fyrir hönd læknanna og spítalans. Fundargerð, óundirrituð var send Embætti landlæknis enda var fundurinn líklega eingöngu haldin til að uppfylla kröfur stjórn-sýslunnar en ekki til að mæta þörfum okkar. Að sýnast fyrir stjórn-sýslunni er ekki það sama og biðjast afsökunar á svo alvarlegum mistökum og þöggun í kjölfarið. Af hverju er ég ekki tilbúin til að taka þessu öllu sem alvöru afsökun og gleyma þessu bara. Eitt get ég sagt ykkur að ég er löngu búin að fyrirgefa og gaf læknunum á sínum tíma gjöf sem tákni um það enda ber einnig að þakka það sem vel var gert.

En hvað vantar, af hverju er ég ekki sátt? Tvö afsökunarbréf og fundur, hvað vantar? Þeirri spurningu hef ég svarað í meðfylgjandi skjali og mundi ég taka slíkum aðgerðum ykkar sem alvöru viðurkenningu og ég verða sáttari eftir alla baráttuna. Alla vega mundi ég fá að sjá hvort ykkur væri alvara eða ekki. Ég þarf að vita það sjálf að þið hafið heyrt, það er ekki of seint. Me-gin ástæðan fyrir því að Jóel dó var sú að ekki var á mig hlustað og því verður að breyta. Þetta lagast ekki með þögninni og voninni að þetta bara gleymist. Það verður aldrei. Minning sonar míns lifir.

Nú er tækifærið ykkar að eiga frumkvæðið og hafa áhrif á hvornig sagan endar í bókinni sem ég nú skrifa í minningu Jóels. Tökum höndum saman um öryggi sjúklinga.

Virðingarfyllst,

Auðbjörg Reynisdóttir

audbjorgreynis@gmail.com

sími

Afrit sent (til að uppfylla stjórnáslulegar kröfur):

- framkvæmdastjóri barna og kvennasviðs LSH.
- framkvæmdastjóri lækninga LSH
- framkvæmdastjóri hjúkrunar LSH.
- deildarstjóri bráðamóttöku barna LSH.
- sjúkrahúsprestur, barnadeild LSH (ykkur til stuðnings).

TRÚNARÐARMÁL